September 2025

# Sveitarstjórnarlög –
# **Breytingar í frumvarpsdrögum**

**Stjórnarráð Íslands**
Innviðaráðuneytið

# Atriði í frumvarpsdrögunum

| | | |
|---|---|---|
| Almennar stjórnsýsluumbætur | Samvinna sveitarfélaga | Sjálfbærni |
| Fjármál- og reikningsskil | Starfshættir kjörinna fulltrúa | Almennt stjórnsýslueftirlit |
| Samráð og íbúalýðræði | Sameining sveitarfélaga | |



# Stuðningur við stjórnsýslu sveitarfélaga

- Skýr ákvæði um hvernig sveitarstjórnarfulltrúum er fjölgað eða fækkað.
- Skýrari ákvæði um boðun aukafundar sveitarstjórnar (eingöngu undantekningartilvik).
- Skýrari ákvæði um framkvæmd sveitarstjórnarfundar ef oddviti nýtur ekki lengur trausts.
- Skýrari heimildir sveitarstjórnar til framsals fullnaðarafgreiðsluvalds til byggðaráðs, fastanefnda eða starfsfólks.
- Heimild sveitarstjórnar til að gera aðalmann að varamanni.
- Heimildir til vinnslu persónuupplýsinga.
- Skýrari reglur um hver tekur við fundarstjórn byggðaráðs/fastanefnda ef formaður og varaformaður boðar forföll.
- Skýrari heimildir um framsal á ráðningarvaldi.



# Aukið traust á stjórnsýslu sveitarfélaga

- Skýrari ákvæði um hvernig ákvörðun um hæfi sveitarstjórnarfulltrúa fer fram.
- Víkkun á gildissviði siðareglna þar sem gert er ráð fyrir að þær nái einnig til framkvæmdastjóra og æðstu stjórnendur sveitarfélaga
- Skylda sveitarfélaga til að setja reglur um hagsmunaskráningar kjörinna fulltrúa, nefndarmanna, framkvæmdastjóra og æðstu stjórnenda
- Skylda fyrir kjörna fulltrúa að geta um greiðslur frá sveitarfélagi, nema þeir séu launþegar.
- Auglýsingaskylda við ráðstöfun á takmörkuðum gæðum sveitarfélaga, nema málefnaleg rök standi til annars

# Samvinnukafli

| Byggðasamlög | Leiðandi sveitarfélag | Landshlutasamtök |
|---|---|---|
| • Byggðasamlög skulu halda aðalfund sem verði æðsta valdið í málefnum byggðasamlaga<br>• Ítarlegri reglur um kostnaðarskiptingu<br>• Ítarlegri reglur um samþykktir<br>• Heimild til kosningar fulltrúaráðs<br>• Skýrari ákvæði um slit byggðasamlaga<br>• Aðkoma kjörinna fulltrúa aukin og skýrð<br>• Reglurgerðarheimild fyrir ráðherra til að útfæra nánar formskilyrði | • Fullt framsal á verkefni<br>• Boðvald yfir starfsmönnum fylgir<br>• Meginregla um raunkostnaðarskiptingu<br>• Heimild til að leggja á álag<br>• Reglugerðarheimild fyrir ráðherra til að útfæra nánar formskilyrði | • Skylduaðild<br>• Félagasamtök<br>• Sveitarstjórn óheimilt að framselja vald til töku stjórnvaldsákvarðana til landshlutasamtaka |



# Fjármál sveitarfélaga

- Breytt flokkun í reikningsskilum, A-, B- og C- hluti, til samræmis við lög um opinber fjármál
- Jafnvægis- og skuldaregla ná einnig sérstaklega til A-hluta
  - Undanþága nái einnig til jafnvægisreglu
- Staða sveitarstjórnarlaga sem sérlaga gagnvart lögum um ársreikninga og lögum um bókhald lögfest
- Fjármálastefna
- Fjármálaáætlun til fimm ára og fjárheimild næstkomandi árs í stað fjárhagsáætlunar
- Reikningsskila- og upplýsinganefnd sameinuð eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga
- Lögfesting á heimild til að ávaxta fjármuni með áhættulitlum fjárfestingarkostum
- Auglýsingaskylda við ráðstöfun takmarkaðra gæða
- Sveitarfélögum heimilt að veita lán til félaga í sinni eigu
- Mat á fjárhagslegum áhrifum í stað kostnaðarmats

# Samráð og íbúalýðræði

| | | |
|---|---|---|
| Markvissara samráð með skilgreiningu á samráðsferlum | Skylda til að upplýsa veigamikil mál og áætlanir með hæfilegum fyrirvara | Niðurfelling ákvæðis um borgarafund og íbúaþing |
| Skerpt á ákvæðum um íbúakosningar | Heimastjórnir | Heimild íbúa í sveitarfélögum yfir 250 íbúa að fara fram á að nefnd sem fari með þeirra málefni verði skipuð |



# Heimastjórnir

- Ráðherra setur fyrirmynd að "Heimastjórn"
  - Heitið heimastjórn verði eingöngu notað um nefndir sem hafa ákveðnar lágmarksvaldheimildir.
- Þegar ráðherra á frumkvæði að sameiningu sveitarfélags, er ráðherra heimilt að verða við ósk sveitarstjórn þess, að ákveða að heimastjórn verði innan staðarmarka hins eldra sveitarfélags í nýju sveitarfélagi.
- Íbúum í byggðakjörnum innan sveitarfélaga sem hafa 250 íbúa og eru a.m.k. 10 km. frá stærsta byggðakjarna sveitarfélagsins, geta farið fram á að nefnd verði skipuð til að fara með málefni þeirra. Það verður þó í höndum sveitarstjórnar að ákveða valdheimildir slíkrar nefndar.

# Eftirlitskafli

| | | |
|---|---|---|
| Greinarmunur á ábendingum og kvörtunum | Eftirlitshlutverk ráðuneytisins afmarkað nánar | Almenn eftirlitsmál |
| Uppsögn starfsmanns ekki kæranleg til ráðherra | Uppljóstraravernd | Stjórnvaldssektir |

| | |
|---|---|
| Málsmeðferð dagsekta og annarra þvingunarúrræða skýrð | Fallið frá staðfestingarhlutverki ráðuneytis á samvinnu-samningum og samþykktum |



# Sameiningar sveitarfélaga

- 10% íbúar sveitarfélaga með færri en 1000 geta farið fram á sameiningarviðræður og atkvæðagreiðslu um sameiningu sveitarfélagsins við aðliggjandi sveitarfélög
- 10% íbúa sveitarfélaga með fleiri en 1000 geta farið fram á að sveitarstjórn vinni álit um stöðu sveitarfélags og mögulega sameiningarkosti
- Ráðherra skal eiga frumkvæði að sameiningu sveitarfélaga sem eru undir 250 nema sérstakar aðstæður mæla því í mót
- Heimild sveitarstjórna til að fara fram á að heimastjórn starfi í eitt eða tvö kjörtímabil eftir sameiningu
- Sameiningum af frumkvæði ráðherra vegna sveitarfélaga sem hafa 250 íbúa 1. janúar 2026 verði lokið við sveitarstjórnarkosningar 2026